

Föstudaginn 17. febrúar 1967.

Nr. 8/1966.

Guðmundur Agnar Ásgeirsson

(Ingi Ingimundarson hrl.)

gegn

**Gústaf A. Sveinssyni f. h. Vittorio Gallia
og gagnsök**

(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Samningar. Skuldamál. Endurgreiðsla. Miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 11. janúar 1966 og gert þessar dómkröfur:

I. Í aðalsök í héraði, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 38.196.25 með 8% ársvöxtum frá 1. ágúst 1963 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi. Þá krefst aðaláfrýjandi og þess, að honum verði heimilað að taka fjárnámi til lúkningar greindum fjárkröfum \$ 1.000.00, er gagnáfrýjandi hinn 5. ágúst 1964 afhenti í fógetadómi Reykjavíkur sem tryggingu til að afstýra lög-haldi.

II. Í gagnsök í héraði, að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaður úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 17. janúar 1966 og gert þessar dómkröfur:

I. Í aðalsök í héraði, að hann verði sýknaður af kröfum aðaláfrýjanda og „ógild verði metin kyrrsetningargerð sú, er aðaláfrýjandi hóf á hendur“ honum „5. ágúst 1964“.

II. Í gagnsök í héraði, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum £ 260-0-0 ásamt 7% ársvöxtum frá 13. júlí 1963 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo kr. 70.000.00 með 7% ársvöxtum frá 5. ágúst 1964 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

III. Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðalsök í héraði.

Fjárkröfu sína sundurliðar aðaláfrýjandi þannig:

- | | |
|--|--------------|
| 1. Tvenn polaroidgleraugu | kr. 1.240.00 |
| 2. Veiðarfæri og fleira | — 195.00 |
| 3. Veiðileyfi í Laxá í Leirársveit 15., 16. og 22. júlí 1963 fyrir 4 stengur á dag og 21. júlí 1963 fyrir 3 stengur, alls 15 stangardagar á kr. 2.800.00 | — 42.000.00 |
| 4. Veiðileyfi í Hvannadalsá og Langadalsá 17., 18., 19. og 20. júlí 1963, 16 stangardagar á kr. 1.620.00 | — 25.920.00 |
| 5. Veiðileyfi í Vatnsdalsá, 5 stangardagar á kr. 3.000.00 | — 15.000.00 |
| 6. 24 flöskur rauðvín á kr. 130.00 flaskan . . . | — 3.120.00 |
| 7. Þjónustugjald, 15% af fjárhæðum 1.—6. kröfuliða | — 13.121.25 |

Samtals kr. 100.596.25

Þar frá dregst fyrirframgreiðsla gagnáfrýjanda, £ 520-0-0 á kr. 120.00

— 62.400.00

og kemur þá út krafa aðaláfrýjanda kr. 38.196.25

Um 1., 2., 4., 6. og 7. kröfulið.

Fallast ber á niðurstöðu héraðsdóms, að því er þessa kröfuliði varðar.

Um 3. og 5. kröfulið.

Í bréfi 16. nóvember 1962 skýrði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda svo frá, að leiga fyrir veiði með einni veiðistöng í fyrsta flokks laxveiðiám hér á landi, sem honum gætu staðið til boða, næmi frá £ 12-0-0 til £ 15-0-0 á dag eftir gæðum veiðiár og árstíma. Hinn 20. nóvember 1962 ritaði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda og tjáði honum, að hann hefði

í hyggju að koma til Íslands um 15. júlí 1963 ásamt félögum sínum til veiða í fyrsta flokks veiðiá og væri þeim kunnugt, að leiga veiðiréttar væri slík, sem getið var. Með bréfi 26. nóvember 1962 tilkynnti aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda því næst, að hann gæti fengið veiðileyfi dagana 14. til 23. júlí 1963, að báðum dögum meðtöldum, fyrir 4 veiðistengur á dag í fyrsta flokks veiðiá og væri leigan fyrir veiði í á þessari £ 13-0-0 á stangardag. Gagnáfrýjandi samþykkti tilboð þetta með bréfi 11. desember 1962, og hinn 28. janúar 1963 tjáði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda bréflega, að gagnáfrýjandi og þrír félagar hans hefðu verið skráðir til veiða í Haukadalsá í Dölum nefnda daga í júlí 1963. En aðaláfrýjandi hafði ekki umráð veiðiréttar í á þessari, og varð ekki úr veiði gagnáfrýjanda og félaga hans þar. Í þess stað fengu þeir á vegum aðaláfrýjanda leyfi til veiði í Laxá í Leirársveit og Vatnsdalsá, samtals 20 stangardaga, svo sem í héraðsdómi greinir. Fyrir veiðileyfi þessi krefst aðaláfrýjandi gagngjalds, eins og áður getur, en gagnáfrýjandi telur sér eigi skylt að greiða meira en £ 13-0-0 fyrir veiðidag, þ. e. sömu leigu sem samið hafði verið um fyrir veiði í Haukadalsá, er aðaláfrýjandi hefði talið fyrsta flokks veiðiá.

Samkvæmt því, sem rakið var um bréfaskipti aðilja og aðdraganda að samningi þeirra, mátti gagnáfrýjandi treysta því, að leiga fyrir umrædd veiðiréttindi í Laxá í Leirársveit og Vatnsdalsá væri innan leigumarka, er aðaláfrýjandi í bréfi sínu 16. nóvember 1962 kvað gildandi um fyrsta flokks veiðiár hér á landi. Með hliðsjón af því, sem fram er komið um nefndar veiðiár, þ. á m. álitni hinna sérfróðu héraðsdómenda, þykir aðaláfrýjandi á hinn bóginn mega reikna gagnáfrýjanda hámarksleigu samkvæmt greindu bréfi sínu, þ. e. £ 15-0-0 á stangardag, og nemur þá leigugjaldið alls £ 300-0-0, en í skiptum sínum telja aðiljar sterlingspund jafngilda kr. 120.00.

Eru þá í þessum þætti málsins til greina teknir kröfuliðir aðaláfrýjanda þannig:

1. kröfuliður	kr.	844.00
2. kröfuliður	—	195.00

3. og 5. kröfuliður	— 36.000.00
6. kröfuliður	— 2.280.00

Samtals kr. 39.319.00

Gagnáfrýjandi greiddi fyrirfram í erlendum gjaldeyri kr. 62.400.00. Verður honum því dæmd sýkna af öllum kröfum aðaláfrýjanda.

Gagnsök í héraði.

1. Samkvæmt samningi aðilja greiddi gagnáfrýjandi fyrirfram vegna umsaminna viðskipta þeirra £ 520-0-0, eins og í héraðsdómi greinir, £ 260-0-0 í desember 1962 og £ 260-0-0, er hann kom til Reykjavíkur hinn 13. júlí 1963, en af síðari fjárhæðinni var ígildi 24 sterlingspunda goldið með öðrum gjaldeyri. Eftir úrslitum aðalsakar hefur gagnáfrýjandi því ofgreitt aðaláfrýjanda sem svarar kr. 23.081.00. Að því er fjárhæð þessa varðar, hefur aðaláfrýjandi í munnlegum málflutningi hér fyrir dómi haft uppi þá vörn, að gagnáfrýjandi hafi engan fyrirvara gert í sambandi við greiðslur sínar til aðaláfrýjanda, og komi endurheimta því ekki á neinn hátt til greina. Engin efni voru til sérstaks fyrirvara um greiðslur gagnáfrýjanda, sem inntar voru af hendi fyrirfram, áður en í ljós voru leiddar vanefndir aðaláfrýjanda, og ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda hina ofgreiddu fjárhæð, kr. 23.081.00.

2. Vegna ólögmætra kyrrsetningaraðgerða sinna gegnt gagnáfrýjanda hinn 5. ágúst 1964 ber aðaláfrýjanda samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 18/1949 að greiða gagnáfrýjanda miskabætur, er ákveðast kr. 20.000.00.

Verður aðaláfrýjandi þessu dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 43.081.00 ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir úrslitum málsins í heild er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 45.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Guðmundur Agnar Ásgeirsson, greiði gagnáfrýjanda, Gústaf A. Sveinssyni f. h. Vittorio Gallia,

kr. 43.081.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 23.081.00 frá 13. júlí 1963 til 5. ágúst 1964, 7% ársvöxtum frá þeim degi af kr. 43.081.00 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í hér-
aði og fyrir Hæstarétti, kr. 45.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-
um.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. nóvember 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 9. nóvember s.l., hefur Guðmundur Agnar Ásgeirsson, Grenimel 30 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 25. ágúst 1964. Gerir aðalstefnandi þær kröfur, að Gústaf A. Sveinsson hæstaréttar-
lögmaður, Reykjavík, f. h. V. Gallia, Excelsior Hotel Gallia, Milano, Ítalíu, verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 51.110.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. ágúst 1963 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt reikningi eða mati dómara. Til vara krefst stefnandi annarrar lægri fjárhæðar að mati dómsins.

Þá krefst aðalstefnandi þess, að honum verði með dómi í máli þessu heimilað að gera fjárnám í 1.000.00 bandaríkjadollurum, sem aðalstefndi hafi fengið í hendur fógetarétti Reykjavíkur hinn 5. ágúst 1964 til að afstýra löghaldi, og taka borgun af þessu tryggingarfé, að svo miklu leyti sem það kann að hrökkva til greiðslu á kröfum stefnanda.

Stefndi í aðalsök krefst þess, að umbjóðandi sinn verði sýkn-
aður af öllum kröfum aðalstefnanda og aðalstefnandi dæmdur til að greiða að mati bæjarþings kostnað aðalsakar.

Með stefnu, birtri 13. nóvember, höfðaði aðalstefndi gagnsök á hendur aðalstefnanda. Gerir hann þær kröfur, að ógild verði metin kyrrsetningargerð sú, er aðalstefnandi, Guðmundur Agnar Ásgeirsson, hóf á hendur V. Gallia 5. ágúst 1964. Gagnstefnandi krefst þess einnig, að aðalstefnandi verði dæmdur til að greiða sér f. h. umbjóðanda síns ensk sterlingspund 260-0-0. Einnig að aðalstefnandi verði dæmdur til að greiða sér vegna umbjóðanda síns kr. 70.000.00. Þá krefst gagnstefnandi þess, að aðalstefnandi verði dæmdur til að greiða sér vegna umbjóðanda síns 8%

vexti af £ 260-0-0 frá 13. júlí 1963 til greiðsludags og af kr. 70.000.00 frá 5. ágúst 1964 til greiðsludags. Loks krefst gagnstefnandi þess, að aðalstefnandi verði dæmdur til að greiða sér vegna umbjóðanda síns allan kostnað gagnsakar að mati bæjarþingsins.

Aðalstefnandi og gagnstefndi gerir þær dómkröfur í gagnsök, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum gagnstefnanda og verði dæmdur málskostnaður í gagnsökinni úr hendi gagnstefnanda.

Samkvæmt framlögðum skjölum í málinu var það upphaf þess, að Ítalin V. Gallia ritaði ferðaskrifstofunni Sunnu hér í borg í október 1962 og það um upplýsingar varðandi laxveiði á Íslandi, en hann kvaðst hafa áhuga á því að koma hingað í júlímánuði 1963 ásamt tveimur vinum sínum og dveljast hér 10—15 daga við laxveiði.

Hinn 16. nóvember 1962 ritaði aðalstefnandi málsins, Guðmundur Agnar Ásgeirsson, V. Gallia bréf, þar sem hann segir ferðaskrifstofuna hafa fengið sér bréf hans, þar eð hún hafi ekki tók á því sjálf að sjá um laxveiðiferðir. Í bréfinu býðst aðalstefnandi til þess að útvega V. Gallia og vinum hans veiðileyfi í fyrsta flokks laxveiðiám á Íslandi, þar sem meðaldagveiði sé 2—3 laxar á stöng. Hann kveður veiðileyfin munu kosta 12 til 15 sterlingspund á dag fyrir hverja stöng, en verðið sé breytilegt eftir því, um hvaða á sé að ræða og á hvaða veiðitíma leyfið sé.

Með bréfi aðalstefnanda, dags. 26. nóvember 1962 (dskj. nr. III), og svarbréfi V. Gallia, dags. 11. desember 1962 (dskj. nr. 12), komst svo á samkomulag með aðiljunum um, að V. Gallia fengi veiðileyfi fyrir 4 stengur í fyrsta flokks laxveiðiá dagana 14.—23. júlí 1963. Ekkert er minnzt á nafn árinna, en í svarbréfi sínu biður V. Gallia aðalstefnanda að senda sér kort yfir stöðu árinna og nánari upplýsingar.

Samkvæmt áðurnefndu samkomulagi skyldi verð veiðileyfa vera 13 sterlingspund „net“ fyrir hverja veiðistöng á dag. Í svarbréfi sínu stingur V. Gallia upp á því, að greiðslum verði þannig háttað, að hann greiði 50% fjárhæðarinnar, eða 260 sterlingspund, við móttöku pro forma reiknings, en afganginn við komuna til Reykjavíkur. Í símskeyti, dags. 17. 12. 1962 (dskj. nr. 15), samþykkir aðalstefnandi svo tillögu V. Gallia um greiðsluskilmála og segist munu senda honum í bréfi frekari upplýsingar og nánari staðfestingu á samþykki sínu. Með símskeyti, dagsettu

18. 12., tilkynnir svo V. Gallia, að hann hafi látið bankasamband sitt senda 260 sterlingspund til aðalstefnanda. Dskj. nr. 17 og 18 styðja þetta einnig.

Með bréfi, dags. 16. janúar 1963, tilkynnir V. Gallia aðalstefnanda, að hann hafi ekki ennþá fengið bréf það, sem aðalstefnandi minntist á í símskeyti sínu 17. desember, og að hann hafi ekki ennþá fengið staðfestingu á móttöku fjárhæðar þeirrar, sem hann sendi aðalstefnanda. Í bréfinu ítrekar V. Gallia fyrri beiðni sína um að fá sendar allar frekari upplýsingar varðandi laxveiðiána og fleira.

Með bréfi, dagsettu 28. janúar, viðurkennir aðalstefnandi viðtöku fyrirframgreiðslunnar og staðfestir, að fjögurra manna flokkur V. Gallia sé skráður til veiði í Haukadalsá á tímabilinu 14. til 23. júlí að báðum dögum meðtöldum. („I hereby confirm that your party of 4 are booked in the Haukadalsá river for the period 14th—23rd July inclusive“). Í sama bréfi kveðst aðalstefnandi munu senda V. Gallia kort af ánni og umhverfi hennar í febrúarmánuði n. k.

Í bréfi, dags. 9. febrúar, staðfestir V. Gallia móttöku á bréfi aðalstefnanda, dags. 28. janúar, og staðfestir skráningu þeirra félaga til veiði 14. til 23. júlí. Hann þakkar í bréfinu fyrir væntanlega sendingu á korti yfir Haukadalsá og nágrenni ásamt ýmsum upplýsingum.

Í bréfi, dags. 14. apríl, ítrekar V. Gallia enn beiðni sína um kort og upplýsingar. Segir hann í bréfi sínu, að hann og félagar hans áformi að koma til landsins að kvöldi 12. júlí og að nota næsta dag, 13. júlí, til þess að ferðast að Haukadalsá, svo að þeir geti hafið veiði þann 14. júlí. Í þessu bréfi biður V. Gallia um enn frekari upplýsingar.

Í bréfi, dags. 3. júní, lýsir V. Gallia furðu sinni yfir því að hafa enn ekkert heyrt frá aðalstefnanda og kveður áriðandi fyrir sig og vini sína að fá strax þær upplýsingar varðandi dvöl þeirra við Haukadalsá, sem hann hafi beðið um.

Hinn 11. júní sendir svo aðalstefnandi V. Gallia skeyti (dskj. nr. 26), þar sem hann kveðst munu senda bréf í vikunni með öllum upplýsingum. Þann 24. júní sendir V. Gallia aðalstefnanda skeyti, þar sem hann tilkynnir, að bréf aðalstefnanda sé ekki komið og biður um upplýsingar, hvenær aðalstefnandi hafi sett bréfið í póst. Segir einnig í skeytinu, að mjög áriðandi sé að fá upplýsingarnar.

Þorsteinn Bernharðsson, stórkaupmaður í Reykjavík, var vegna viðskiptasambanda sinna kunnugur einum af félögum V. Gallia, Dr. Marelli að nafni. Höfðu gengið bréf á milli þeirra um fyrirhugaða veiðiför. Eru afrit þessara bréfa lögð fram í málinu. Einnig munu þeir Þorsteinn og Marelli hafa hitzt erlendis og rætt um veiðiferðina.

Þegar V. Gallia fékk ekki svar við áðurgreindum bréfum sínum til aðalstefnanda, ritaði Dr. Marelli bréf til Þorsteins hinn 4. júní 1963, að því er sjá má af dskj. nr. 25, og lét fylgja afrit af bréfi V. Gallia til aðalstefnanda. Þorsteinn mun þá hafa rætt við aðalstefnanda, en að því loknu ritaði hann Marelli 11. júní og tjáði honum, að aðalstefnandi mundi senda það, sem Gallia hafði beðið um, með pósti þá um daginn eða næsta dag.

Hinn 2. júlí 1963 ritar Þorsteinn Bernharðsson bréf til V. Gallia. Segir þar, að hann hafi þá um daginn fengið skeyti frá Marelli, þar sem segi, að ekkert bréf hafi borizt frá aðalstefnanda og hann hafi heldur ekki svarað skeyti V. Gallia. Biður Marelli þar ráðlegginga um, hvort ekki sé allt í lagi.

Í bréfi sínu kveðst Þorsteinn hafa svarað skeyti Marelli með öðru skeyti, en Marelli dvaldist þá í Brasilíu. Þorsteinn kveðst í bréfinu hafa rætt við aðalstefnanda og hafi aðalstefnandi þá tjáð sér, að þar sem aðstæður væru erfiðar í þeim ám, sem upphaflega var ákveðið, að þeir félagar veiddu í, hafi aðalstefnandi ákveðið, að þeir skyldu hefja veiðina í Laxá í Leirársveit morguninn 13. júlí. Bréfinu fylgdi afrit af skeyti Þorsteins til Marelli.

Málavextir hér að framan hafa að mestu verið raktir eftir gögnum, sem lögð hafa verið fram í málinu og er ekki mótmælt. Það athugast, að gögnin eru rituð á ensku, en dómariinn lætur þess getið, að hann hafi fullt vald á því tungumáli.

Aðalstefnandi hefur lagt fram í málinu reikning, sem hann sundurliðar þannig:

1. Tvö stk. polaroid gleraugu	kr.	1.240.00
2. Veiðarfæri o. fl.	—	195.00
3. Veiðileyfi í Laxá í Leirársveit 13., 15., 16. og 22. júlí, 4 stengur á dag, og 21. júlí 3 stengur, alls 19 stengur á kr. 2.800.00 fyrir stöngina á dag . . .	—	53.200.00
4. Hvannadalsá (og Langadalsá) dagana 17., 18., 19. og 20. júlí, 4 stengur á dag, á kr. 1.620.00 . . .	—	25.920.00
5. Vatnsdalsá, 5 stengur á 3 dögum, á kr. 3.000.00 fyrir stöngina pr. dag	—	15.000.00

6. 24 flöskur rauðvín á kr. 130.00 flaskan kr. 3.120.00

Alls kr. 98.705.00

15% þjónusta — 14.805.00

Kr. 113.510.00

Fyrirfram greitt — 62.400.00

Mismunur kr. 51.110.00

sem er stefnufjárhæð í aðalsök.

Í greinargerð lýsir aðalstefnandi því, að hann hafi ætlað V. Gallia og félagum hans að veiða í Haukadalsá í Dölum, en staðið hefði til, að aðalstefnandi tæki ána á leigu. Af leigunni hafi ekki orðið, en hins vegar hafi aðalstefnandi getað fengið þar keypt næg veiðileyfi af leiguhöfum. Aðalstefnandi kveður veiði hafa verið mjög lélega í Haukadalsá framan af sumri og hafi hann fært það í tal við Þorstein Bernharðsson stórkaupmann, sem sé umboðsmaður eins af Ítölunum. Í samræmi við óskir Þorsteins hafi hann ákveðið að útvega Ítölunum veiðileyfi í Laxá í Leirársveit, og skyldu þeir hefja veiðar að morgni hins 13. júlí 1963. Hafi Þorsteinn sent stefnda bréf um þetta, dags. 2. júlí 1963, og sent skeyti þar að lútandi til umbjóðanda síns, Dr. Marelli.

Aðalstefnandi kveður Ítalina hafa átt að koma hingað til lands að kvöldi hins 12. júlí, en vegna vélarbilunar hafi þeir ekki komið fyrr en að morgni 13. júlí. Hafi þeir þá viljað hvílast og hafi ekkert orðið úr veiði þann dag. Hljóti sú töf að vera á ábyrgð aðalstefnda og beri honum því að greiða fulla leigu fyrir ána hinn 13. júlí.

Hinn 13. júlí, síðari hluta dags, átti aðalstefnandi tal við V. Gallia og féлага hans á Hótel Sögu hér í borg að viðstöddum Þorsteini Bernharðssyni. Lagði aðalstefnandi þá fram fyrir Ítalina veiðiáætlun, er hann hafði samið. Hefur veiðiáætlunin verið lögð fram í málinu, og er hún svohljóðandi:

14 }
15 } Travel to Laxá in Leirársveit and fishing there.
16 } Guide Mr. Sigmundsson (sic).

17 }
18 } Rivers on the west coast and north coast.
19 } Guide Mr. Ásgeirsson.
20 }

21 }
 22 } Laxá in Leirársveit. Guide Mr. Sigmundsson (sic).
 to } Departure not fixed yet.
 25 }

Kveður aðalstefnandi Ítalina hafa samþykkt veiðiáætlunina. Hinn 14. júlí kveðst aðalstefnandi hafa orðið að fara úr borginni vegna ófyrirsjáanlegra atvika, er amerískur sendiráðsmaður hafi druknað við veiðar í Reyðarvatni. Sé sá dagur ekki færður aðalstefnda til skuldar.

Aðalstefnandi kveður það ágreiningslaust, að dagana 15. og 16. júlí hafi aðalstefndi og félagar hans tveir haft alla Laxá í Leirársveit til veiða.

Varðandi kröfu sína til greiðslu veiðileyfa fyrir 4 stengur í Hvannadalsá dagana 17., 18., 19 og 20. júlí kveður aðalstefnandi það hafa verið ætlun sína, að Ítalirnir veiddu í Hvannadalsá og Langadalsá við Ísafjarðardjúp og hafi hann átt við þær ár í veiðiáætluninni, sem áður er minnt á, með orðunum „rivers on the west coast“. Kveðst aðalstefnandi hafa ætlað sjálfur með Ítölunum sem leiðsögumaður, enda sé hann þaukunnugur þessum ám.

Aðalstefnandi kveður veiðina í Laxá í Leirársveit hafa verið afar trega, þrátt fyrir það að hann hafi útvegað aðalstefnda og félögum hans hinn færasta veiði- og leiðsögumann, sem völ var á, Kristján Sigurmundsson, sem ásamt syni sínum Snærbirni, er var túlkur, aðstoðaði Ítalina við veiðarnar. Aðalstefnandi kveður Ítalina hafa haft spurnir af því, að mjög góð veiði væri í Vatnsdalsá og hafi þeir viljað komast þangað, en hins vegar ekki viljað fara í ár þær, er þeir hafi átt að fara í á Vesturlandi, þ. e. Hvannadalsá og Langadalsá. Hafi verið um þetta rætt, er aðalstefnandi kom að Laxá ásamt þeim Guðbjarti Pálssyni og Braga Sigurðssyni frá bílaleigunni „Bíllinn“ með bifreið til aðalstefnda í stað annarrar, er hann taldi hafa bílað.

Aðalstefnandi kveðst ekki hafa haft nein ráð á leyfum í Vatnsdalsá á þessum tíma, þar eð þau hafi þá verið uppseld. Hann kveður hins vegar Kristján Sigurmundsson hafa átt leyfi ásamt þeim Pétri Sigurðssyni og Ólafi Maríassyni, sem séu veiðifélagar Kristjáns. Hafi Kristján reynt að fá þá til að láta sín leyfi af hendi til Ítalanna, en þeir ekki viljað fallast á það. Aðalstefnandi segir, að þrátt fyrir þetta hafi honum tekizt að útvega aðalstefnda og félögum hans 5 leyfi alls á 3 dögum og sé aðalstefnda færð þau til skuldar á reikningnum.

Aðalstefnandi kveður í greinargerð sinni í aðalsök það ekki orka tvímælis, að aðalstefnda beri að greiða hina umstefndu skuld að fullu, þar eð horfið hafi verið frá hinni upphaflegu veiði-áætlun, þ. e. Laxá—Hvannadalsá—Langadalsá, að tilmælum hans sjálfs. Það hljóti að vera á ábyrgð aðalstefnda, hvort hann noti leyfin eða ekki.

Aðalstefndi lýsir málsatvikum á þann veg, að hann hafi í desember 1962 og janúar 1963 átt bréfa- og skeytaviðskipti við aðalstefnanda og hafi komizt á með þeim samningur um veiðileyfi fyrir 4 í Haukadalsá dagana 14. til 23. júlí 1963. Hafi verð leyfanna verið umsamið £ 13-0-0 „net“ fyrir hverja stöng á dag. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir aðalstefnda og félaga hans og þrátt fyrir loforð aðalstefnanda hafi hann aldrei fengizt til að senda þeim nánari upplýsingar varðandi ána o. fl. Hafi þeir því snúið sér til Þorsteins Bernharðssonar og hafi komið í ljós, að aðalstefnandi hafi þá verið búinn að ákveða, að þeir skyldu hefja veiði að morgni 13. júlí 1963 í Laxá í Leirársveit. Ekki hafi aðalstefnandi haft neitt samráð við þá veiðifélaga um þetta. Þeir hafi ætlað að koma til landsins 12. júlí, en töf hafi orðið á flugi og hafi þeir eigi komizt til landsins fyrr en að morgni 13. júlí 1963. Hafi þeir hitt aðalstefnanda á Reykjavíkflugvelli og aftur á Hótel Sögu þá um daginn og hafi hann fengið þeim handritaða veiðiáætlun, sem áður er minnzt á.

Aðalstefndi telur, að með orðunum „rivers on the west coast and north coast“ hljóti aðalstefnandi að hafa átt við Haukadalsá, sem áður var umsamið, og Vatnsdalsá. Mundu aðalstefndi og félagar hans hafa sætt sig við áætlunina, ef við hana hefði verið staðið. Þeir hafi ekki þekkt árnar, en treyst á aðalstefnanda, sem von var, þótt treglega hafi gengið að fá frá honum umbeðnar upplýsingar. Hins vegar hafi því fjarri farið, að hin umrædda áætlun hafi staðizt.

Aðalstefnandi útvegaði leiðsögumann, Kristján Sigurmundsson, sem aðalstefndi kveður hinn færasta veiðimann, og hafi hann haft með sér son sinn, Snæbjörn Kristjánsson, sem verið hafi túlkur. Allan ferðakostnað og kaup leiðsögumanna hafi aðalstefndi goldið jafnóðum og beint til hlutaðeigandi aðilja.

Aðalstefndi kveður ekkert hafa orðið úr veiði fyrsta daginn, sem veiðiáætlunin náði yfir. Hafi það stafað af orsökum, sem aðalstefnanda vörðuðu, en hins vegar hafi aðrir menn verið að veiðum í þeirri á, sem þeim félögum var ætluð þann dag, og hafi það væntanlega verið hin raunverulega ástæða fyrir því, að

aðalstefnandi gat ekki staðið við veiðiáætlunina, hvað þennan dag varðar.

Hinn 15. og 16. júlí kveður aðalstefndi þá féлага hafa veitt í Laxá í Leirársveit á fjórar stengur og hafi ekkert borið til tíðinda.

Aðalstefndi kveðst hafa búizt við, að eftir fyrri dvölinu við Laxá í Leirársveit yrði haldið að Haukadalsá, en það hafi aðalstefnandi vanefnt, enda virðist svo sem hann hafi aldrei haft vald á veiði þar á því tímabili, sem hér um ræðir. Aðalstefndi kveðst hafa samþykkt þær breytingar einar á samningi þeirra aðalstefnanda varðandi Haukadalsá að veiða í Laxá 14.—16. og 21. og 22. júlí og til mála hafi komið veiði í Vatnsdalsá.

Aðrar breytingar hafi aldrei komið til tals, enda fullnægi Hvannadalsá og Langadalsá ekki því að vera „first class rivers“ og auk þess hafi aðalstefnandi engan rétt haft til ráðstöfunar á þeim vatnsföllum á þeim tíma, sem hér um ræðir. Þegar þannig hafi ekki verið til veiðileyfi í Haukadalsá og ekki heldur í Vatnsdalsá, sem áður hafi komið til tals, kveður aðalstefndi helzt hafa verið útlit fyrir, að hann og félagar hans yrðu af allri veiði næstu fjóra daga. Fylgdarmaður þeirra, Kristján Sigurmundsson, hafi hins vegar ráðið yfir nokkrum leyfum til veiði í Vatnsdalsá og hafi hann hlaupið undir bagga og léð þeim þau leyfi. Gátu þeir félagar því veitt á 2 stengur í Vatnsdalsá dagana 18. og 20. júlí, en sjálfur hafi aðalstefnandi útvegað þeim leyfi í sömu á fyrir 1 stöng 17. júlí.

Aðalstefndi kveður aðalstefnanda hafa haft alla Vatnsdalsá á leigu þetta sumar, en þá daga, sem hér um ræðir, hafi hann verið búinn að selja öðrum öll leyfi til veiða í ánni. Aðalstefndi segir, að hinn 19. júlí hafi þeir félagar ekkert fengið að veiða í ánni, enda hafi aðalstefnandi verið búinn að selja allt of mörg veiðileyfi. Aðalstefndi segir þetta allt hafa verið gagnstætt samkomulaginu milli sín og aðalstefnanda, sem hét þeim veiðifélögunum 2 stanga veiði á dag alla þessa daga.

Aðalstefndi kveður þá féлага hafa haldið suður til Laxár hinn 21. júlí og hafi þeir komið að ánni, þegar áliðið var orðið dags. Hafi þeir aðeins getað veitt í eina klukkustund þann dag og á 3 stengur í stað 4. Daginn eftir, sem var síðasti veiðidagurinn 1963, hafi þeir veitt á 4 stengur. Hafi þá veiði verið lokið og hafi þeir haldið til Reykjavíkur um kvöldið.

Aðalstefndi segir þá féлага hafa veitt, sem hér segir, á hinum umrædda tíma:

- 13. júlí engin veiði.
- 14. — engin veiði.
- 15. — veitt á 4 stengur.
- 16. — veitt á 4 stengur.
- 17. — veitt á 1 stöng.
- 18. — veitt á 2 stengur.
- 19. — engin veiði.
- 20. — veitt á 2 stengur.
- 21. — veitt á 3 stengur.
- 22. — veitt á 4 stengur.

Aðalstefndi segir, að samtals séu þetta 20 stangardagar í stað 40, sem um var samið.

Aðalstefndi segir það hafa orðið að samningi með sér og aðalstefnanda, að hann og félagar hans fengju 40 stangardaga fyrir 13 sterlingspund pr. stangardag. Nemi þetta samtals 520 sterlingspundum, sem hann hafi þegar greitt. Aðalstefnandi eigi upp-tökin að þeim frávikum, sem urðu frá upphaflegum samningi aðiljanna, og geti þau frávík sízt orðið aðalstefnda til kostnaðar eða í hag aðalstefnanda. Hljóti það að verða að öllu leyti á ábyrgð og kostnað aðalstefnanda.

Fjárkröfur sínar í gagnsök tekur gagnstefnandi saman á þann hátt, að í fyrsta lagi hafi hann greitt aðalstefnanda 520 sterlingspund fyrir 40 stangardaga. Þar eð hann hafi ekki átt kost á nema 20 stangardaga veiði, beri aðalstefnanda að endurgreiða sér hálfa leiguna, þ. e. 260 sterlingspund.

Í öðru lagi fer gagnstefnandi fram á bætur vegna ólögmætrar kyrrsetningar, sem aðalstefnandi lét framkvæma á hendur honum að Hótel Sögu 5. ágúst 1964. Kveður gagnstefnandi aðalstefnanda hafa með kyrrsetningargerðinni bakað sér miska og fjártjón, þar á meðal lánsstraustspjöll, er telja má hann hafa liðið sakir gerðarinnar. Telur aðalstefnandi sér rétt að reikna sér kr. 100.000.00 í bætur vegna þessa, en kveðst með hliðsjón af „íhaldssemi íslenzkra dómstóla“ um hér greint efni færa kröfu sína niður í kr. 70.000.00.

Gagnstefnandi telur með tilvísun til greinargerðar sinnar í aðalsök, að kyrrsetningin sé tvímælalaust ólögmæt og beri að meta hana ógilda.

Gagnstefndi og aðalstefnandi styður sýknukröfu sína í gagnsök þeim rökum, að þótt svo megi segja, að komizt hafi á samningur um Haukadalsá, þá hafi sá samningur fallið úr gildi, um leið og breytt var um á. Er því mótmælt, að gagnstefnandi geti haldið

sig að þeim samningi, hvað verðið snertir eingöngu. Þegar samið hafi verið um aðrar ár en Haukadalsá, hafði verð það, sem við hana miðaðist, verið þar með úr sögunni.

Gagnstefndi ítrekar, að með orðunum „rivers on the west coast“ hafi hann átt við Hvannadalsá og Langadalsá, en með orðunum „and north coast“ hafi gagnstefnandi haft í huga Vatnsdalsá, ef einhverjir möguleikar væru þar fyrir hendi að athuguðu máli. Þeir hafi þó verið sáralitlir, því að gagnstefndi hafi verið búinn að ráðstafa þar öllum veiðileyfum og hafi varazt að gefa gagnstefnanda neitt í skyn varðandi þá á, enda hafi hún aldrei verið nefnd fyrr eða síðar.

Gagnstefndi kveðst hafa haldið samning sinn í einu og öllu, ef frá er talinn 14. júlí, er hann varð að fara úr borginni í skyndi vegna slyss á Reyðarvatni. Sé gagnstefnanda heldur ekki reiknaður sá dagur.

Gagnstefnandi hafi þvertekið fyrir að fara vestur að Djúpi, eins og veiðiáætlunin gerði ráð fyrir, og hafi við það skapazt hin mestu vandræði. Hér hafi Kristján Sigurmundsson komið til sögunnar. Hafi hann blandað sér í málið, þannig að hann hafi látið gagnstefnanda í té nokkur leyfi í Vatnsdalsá, sem hann átti sjálfur og veiðifélagar hans. Gagnstefndi mótmælir því, að nokkur samningur hafi verið gerður um veiðina í Vatnsdalsá, hvað hann snertir, enda hafi hann ekki haft þar yfir neinum leyfum að ráða. Hins vegar kveðst gagnstefndi að sjálfsögðu hafa tekið þá afstöðu gagnvart hinum erlendu gestum að hætta ekki með öllu að skipta sér af þeim, þótt svona færi, heldur hafi hann kappkostað að greiða fyrir þeim á alla lund þar nyrðra, úr því að þeir voru á annað borð komnir í Vatnsdalsá.

Segir gagnstefndi að gagnstefnandi geti sjálfum sér um kennt varðandi litla veiði, ódrjúgan tíma o. s. frv., þar eð hann hafi neitað að fylgja þeirri áætlun, sem gagnstefndi hafði upphaflega lagt fyrir hann. Gagnstefndi kveður Hvannadalsá og Langadalsá hafa verið gagnstefnanda til reiðu, en þær séu taldar góðar laxveiðiár og hafi gefið góða raun.

Gagnstefndi mótmælir útreikningi gagnstefnanda á veiðidögum sem röngum og villandi. Segir gagnstefndi það og villandi, að gagnstefnandi geti miðað við það verð, sem samið var um varðandi Haukadalsá, þar eð ár þær, sem gagnstefnandi hafi farið í eða átt að fara í, hafi allar verið miklu dýrari en Haukadalsá átti að verða, ef gagnstefndi hefði „fengið hana“. Er því öllum

kröfum um endurgreiðslu af hálfu gagnstefnda hafnað sem fjarstæðu.

Þá mótmælir gagnstefndi kröfum gagnstefnanda um bætur vegna kyrrsetningarinnar. Segir gagnstefndi að búið hafi verið margítrekað eftir diplomátskum leiðum að fá gagnstefnanda til að greiða skuldina. Hafi einnig verið búið að aðvara hann um, að hann kynni að verða fyrir óþægindum, ef hann kæmi hingað til lands án þess að gera hreint fyrir sínum dyrum.

Gagnstefnandi hafi komið hingað til lands og verið búinn að vera hér í ca. hálfan mánuð og hafi hann ekkert samband haft við gagnstefnda eða lögmann hans út af skuldinni. Hafi gagnstefndi komið að því, að gagnstefnandi væri væntanlegur til Hótel Sögu úr laxveiðileiðangri að kvöldi hins 5. ágúst 1964 og jafnframt að hann mundi fljúga af landi brott næsta morgun. Hafi því engin úrræði verið, sem eitthvað máttu duga en þau, er gripð var til.

Gagnstefndi segir, að túlkur sá, er aðstoðaði við kyrrsetningargerðina, hafi tilkynnt gagnstefnanda komu fólga úr síma í anddyri hótelsins. Hafi þá gagnstefnandi sagzt ekki geta rætt við þá fyrr en eftir um það bil klukkutíma og hafi verið farið að ósk hans.

Hafi því eins hæversklega verið farið að við kyrrsetningargerðina og frekast var unnt.

A. Um aðalsök.

Aðiljar máls þessa eru sammála um, að áður en V. Gallia og félagar hans komu til landsins, hafi verið kominn á samningur um 4 stanga veiði í Haukadalsá dagana 14. til 23. júlí.

Í málflutningi aðalstefnanda hefur því verið haldið fram, að með bréfi Þorsteins Bernharðssonar, dags. 2. júlí 1963, þar sem hann skýrði V. Gallia frá því, að aðalstefnandi hefði ákveðið, að þeir veiðifélagarnir skyldu hefja veiði 13. júlí og þá í Laxá í Leirársveit, og með svarbréfi V. Gallia til Þorsteins, dags. 5. júlí, þar sem hann gerir engar athugasemdir um breytinguna, hafi komið á samningur um að færa veiðitímabil Ítalanna fram um einn dag. Á þetta verður ekki fallið, en með bókun, sem gerð var, eftir að mál þetta hafði verið dómtekið, féll aðalstefnandi frá öllum kröfum sínum á hendur aðalstefnda varðandi veiðileyfi í Laxá í Leirársveit 13. júlí, og lækkar aðalkrafa hans í aðalsök því um kr. 11.200.00.

Aðalstefnandi heldur því fram, að með veiðiaætluninni, sem

afhent var aðalstefnda á Hótel Sögu síðari hluta dags hinn 13. júlí 1963 og hann kveður aðalstefnda hafa samþykkt, hafi aðalstefndi að fullu fallið frá samningum um Haukadalsá, en nýr samningur myndast um veiði í Laxá í Leirársveit dagana 14., 15., 16., 21. og 22. júlí og í Hvannadalsá og hluta Langadalsár dagana 17., 18., 19. og 20. júlí.

Lögmaður aðalstefnda hefur lagt fram veiðiáætlunina, sem um er deilt, dskj. nr. 29, og er festur við hana miði, er kominn mun frá aðalstefnda, þar sem á er ritað á enskri tungu: „Þetta er áætlunin fyrir veiðiflokk okkar, sem hr. Agnar Ásgeirsson lét okkur í té að Hótel Sögu að hr. Þ. Bernharðssyni viðstöddum, áætlun, sem alls ekki hefur verið staðið við.“

Samkvæmt framburði vitnisins Þorsteins Bernharðssonar mun V. Gallia hafa tekið við áætluninni athugasemdalaust.

Verður að telja, að V. Gallia hafi fallið á að hefja laxveiðina í Laxá í Leirársveit og veiða þar, eins og áformað var í veiðiáætluninni, í stað þess að veiða í Haukadalsá á sama tíma. Aðiljana greinir á um skilning á orðunum „rivers on the west coast and north coast“ í veiðiáætluninni. Eins og áður er getið, heldur aðalstefnandi því fram, að þar sé átt við Hvannadalsá og hluta Langadalsár, en aðalstefndi mótmælir þeim skilningi.

Vitnið Þorsteinn Bernharðsson, sem viðstaddur var, þegar veiðiáætlunin var lögð fram, hefur skýrt svo frá, að aðalstefnandi hafi alls ekki nefnt þær ár á nafn við V. Gallia, svo að vitnið heyrði. Vitnið fékk afrit af veiðiáætluninni til afnota fyrir áður nefndan Dr. Marelli, sem ætlunin var, að kæmi síðar til landsins. Hefur afritið verið lagt fram í málinu, og verður ekkert frekar af því ráðið um það, við hverjar ár er átt með áður nefndum orðum. Með hliðsjón af því, sem áður hafði farið milli vitnisins og aðalstefnanda, kveðst það hafa talið með sjálfu sér, að hér væri átt við Haukadalsá og væntanlega Vatnsdalsá, en vitnið kveður ekkert hafa verið á þetta minnt.

Aðalstefnandi hefur fyrir dómi hinn 20. maí s.l. skýrt svo frá, að hann hafi ætlað aðalstefnda að veiða í Hvannadalsá og Langadalsá, og auk þess hafi hann haft í huga Langá á Mýrum og Vatnsdalsá með orðunum „rivers on the west coast and north coast“. Aðalstefnandi hefur fyrir dómi skýrt svo frá, að hann eftir beztu vitund telji, að hann hafi nefnt nöfn Hvannadalsár og Langadalsár við aðalstefnda og félag hans að Hótel Sögu hinn 13. júlí 1963. Aðalstefnandi hefur einnig fyrir dómi sagt ekki geta fullyrt um, að hann hafi gefið V. Gallia upp skrif-

lega nöfn á þeim ám, sem hann hafi átt við með orðunum „rivers on the west coast“, en hann kveðst halda, að hann hafi ekki gert það. Aðspurður, hvort hann hafi sýnt V. Gallia og félögum hans árnar á korti, svaraði hann neitandi.

Vitni, sem leidd hafa verið til þess að bera um viðræður aðalstefnanda við V. Gallia kvöldið 16. júlí 1963, er aðalstefnandi kom að Laxá í Leirársveit í fylgd með 2 mönnum frá bíla-leigunni „Bíllinn“, hafa ekki getað staðfest það, sem aðalstefnandi heldur fram um þær viðræður.

Með tilliti til þessa og með tilliti til vitnaframburða Kristjáns Sigurmundssonar og Snæbjarnar Kristjánssonar verður að telja, að aðalstefnanda hafi ekki tekizt að færa fram líkur til stuðnings þeirri fullyrðingu sinni, að samningur hafi komizt á um 4 stanga veiði í Hvannadalsá og þeim hluta Langadalsár, er aðalstefnandi kveðst hafa haft til ráðstöfunar dagana 17.—20. júlí 1963. Aðalstefnandi hefur þrátt fyrir úrskurð dómsins þar að lútandi ekki lagt fram nein gögn, sem sanni, að hann hafi orðið að leggja út kostnað vegna aðalstefnda í sambandi við téðar laxveiðiár. Þar við bætist, að skv. þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu, virðist 4 stanga veiði á dag ekki vera leyfð í þessum ám, og það er álit hinna sérfróðu meðdómenda, að þær fullnægi ekki skilyrðum til þess að vera kallaðar „first class rivers“, og ætti því að meta samning um veiði í þeim ógildan skv. 32. gr. laga 7/1936, eins og á stóð.

Þegar aðalstefnandi hafði frumkvæði um að breyta samningnum milli sín og V. Gallia, þannig að veiða skyldi í Laxá í Leirársveit tiltekna daga í stað Haukadalsár, verður ekki séð, að hann hafi tekið það fram við Ítalina, að veiði þar væri dýrari en 13 sterlingspund „net“ á dag fyrir veiðistöng, eins og um hafði verið samið varðandi Haukadalsá. Verður því að telja, að hann geti ekki krafði aðalstefnda um hærri fjárhæð fyrir veiðileyfin, enda hafði hann áður gefið aðalstefnda þær upplýsingar, að verð veiðileyfa í fyrsta flokks laxveiðiá væri 12 til 15 sterlingspund pr. stangardag.

Vitnin Kristján Sigurmundsson og Snæbjörn Kristjánsson hafa skýrt svo frá, að þegar aðalstefnandi hafi komið að Laxá í Leirársveit síðari hluta dags hins 16. júlí, hafi komizt á samkomulag milli aðalstefnanda og aðalstefnda um, að aðalstefndi og félagar hans skyldu fá veiðileyfi fyrir 1 stöng 17. júlí og 2 stöngum dagana 18., 19., 20. og 21. júlí í Vatnsdalsá. Hafði aðalstefnandi sjálfur ráð á veiðileyfinu 17. júlí, en veiðileyfi fyrir hina dagana hafði

hann áður selt vitninu Kristjáni og veiðifélögum þess. Skyldu þeir í staðinn fá veiðileyfi síðar á veiðitímanum.

Vitnin segja, að aðalstefndi og félagar hans hafi veitt á 1 stöng 17. júlí og 2 stengur 18. júlí, en um kvöldið 18. júlí hafi aðalstefnandi komið á dvalarstað þeirra á Blönduósi og tilkynnt, að þeir gætu ekki veitt næsta dag, þar eð hann hefði selt of mörg veiðileyfi í ánni þann dag. Vitnin segja, að aðalstefndi og félagar hans hafi orðið að láta sér þetta lynda, en aðalstefnandi hafi heitið því, að veiðileyfin fyrir dagana 20. og 21. júlí skyldu ekki bregðast. Vitnin segja, að Ítalirnir hafi síðan veitt á 2 stengur hinn 20. júlí, en um kvöldið hafi vitninu Kristjáni borizt símskeyti frá aðalstefnanda svohljóðandi: „Ítalirnir P og O mega ekki veiða á morgun þar sem það rekt á annað Stopp Gerum það bezta úr öllu saman. — Guðmundur Ásgeirsson.“ Skeyti þetta hefur verið lagt fram í málinu, og ber að skilja það svo, að aðalstefnandi hafi afturkallað veiðileyfin til aðalstefnda og félaga hans og einnig veiðileyfi til tveggja Íslendinga, sem voru samtímis við veiðar í Vatnsdalsá.

Aðalstefnandi hefur viðurkennt, að hann hafi haft Vatnsdalsá í huga ásamt Langá og ánum á Vestfjörðum, þegar hann lagði fram áætlunina við aðalstefnda um útvegum veiðileyfa dagana 17. til 20. júlí. Með tilliti til þessa og til framkomu aðalstefnanda gagnvart aðalstefnda í sambandi við veiðina í Vatnsdalsá og með hliðsjón af vætti þeirra feðganna Kristjáns og Snæbjarnar verður að telja, að á milli aðalstefnda og aðalstefnanda hafi komizt á samningur um veiði í Vatnsdalsá dagana 17.—21. júlí, sem aðalstefnandi aðeins efndi að takmörkuðu leyti. Hins vegar verður að telja með hliðsjón af framburði aðalstefnanda og vitna, að aðalstefndi hafi sótt það fast að fá veiðileyfi í Vatnsdalsá og að honum hafi mátt vera ljóst, að hann yrði að greiða venjulegt verð fyrir veiðileyfin í þeirri á, en hann hafi mátt vita, að það væri hærra en það verð, er hann hafði áður samið um varðandi Haukadalsá. Verður því krafa aðalstefnanda um kr. 3.000.00 pr. stangardag tekin til greina, enda er það álit hinna sérfróðu meðdómenda, að það geti ekki talizt óhæfilega hátt.

Aðalstefnandi hefur gert kröfu til, að aðalstefndi greiði sér 15% þjónustugjald á verð veiðileyfa og útlagðan kostnað. Samningur aðalstefnanda og aðalstefnda um veiði í Haukadalsá hljóðaði upp á 13 sterlingspund „net“ pr. stangardag, og skv. álitserð Verzlunarráðs Íslands, sem fram er lögð í málinu, og samhljóða álit hinna sérfróðu meðdómenda, merkir það, að aðalstefnandi

hefur ekki rétt til að krefjast aukabóknunar fyrir veiðileyfin fram yfir 13 sterlingspund.

Pegar virt er framkoma aðalstefnanda gagnvart aðalstefnda, í fyrsta lagi það, að hann tilkynnir aðalstefnda, að hann og félagar hans séu skráðir til veiða í laxveiðiá, sem aðalstefnandi hefur engin umráð yfir, í öðru lagi það, að hann fær aðalstefnda, sem er útlendingur og ókunnugur hér á landi, til að samþykkja víðtæka breytingu á samningi þeirra án þess að gera honum nánari grein fyrir henni, í þriðja lagi, að hann lofar aðalstefnda veiði í Laxá í Leirársveit 14. júlí, þótt ljóst sé af framlögðum gögnum í málinu, að aðalstefnandi hefur engin veiðileyfi haft í ánni til ráðstöfunar þennan dag, í fjórða lagi samningsrof aðalstefnanda varðandi veiðina í Vatnsdalsá og í fimmta lagi kröfugerð hans á hendur aðalstefnda og loks önnur atriði, sem komið hafa fram við rekstur máls þessa, er það samhljóða álit dómenda, að aðalstefnandi hafi fyrirgert öllum rétti, er hann kann að hafa haft til þess að innheimta sérstaka þjónustubóknun úr hendi aðalstefnda vegna fyrirgreiðslu sinnar við hann og féлага hans.

Hinn 22. október s.l. var á bæjarþinginu kveðinn upp úrskurður um frekari gagnaöflun í máli þessu, og var þar m. a. beint til aðilja málsins, að fram yrðu lagðar nótur og reikningar varðandi þann útlagðan kostnað, sem aðalstefnandi krefur aðalstefnda um á reikningi þeim, er hann leggur fram í málinu. Við munnlegan flutning málsins lýsti lögmaður aðalstefnda því yfir, að aðalstefnandi hefði ekki haldið saman slíkum gögnum varðandi viðskipti sín og aðalstefnda. Með tilliti til þessa verður að taka til greina mótmæli aðalstefnda gegn 1. og 6. lið áðurnefnds reiknings.

Samkvæmt framanskráðu verður niðurstaða dómsins varðandi einstaka liði reikningsins sem hér segir:

1. Tvö stk. polaroid gleraugu.

Aðalstefndi hefur lagt fram í málinu vottorð frá verzluninni „Veiðimanninum“, sem sýnir, að sumarið 1963 kostuðu slík gleraugu hjá verzluninni kr. 422.00. Aðalstefnandi hefur að vísu haldið því fram, að gleraugun hafi verið keypt hjá annarri verzlun, en þar eð hann hefur þrátt fyrir ábendingu dómsins eigi lagt fram nein gögn til stuðnings þeirri málsástæðu, að hann hafi greitt hærra verð fyrir gleraugun, þykja eigi efni til að taka þennan lið reikningsins til greina með hærri upphæð en kr. 844.00.

2. Veiðarfæri o. fl.

Þessum lið er eigi tölulega mótmælt, og verður hann því tekinn til greina að fullu, eða kr. 195.00.

3. Veiðileyfi í Laxá í Leirársveit.

Eins og að framan getur, hefur aðalstefnandi nú fallið frá kröfu sinni varðandi veiðileyfi 13. júlí 1963. Því er ómótmælt af hálfu aðalstefnda, að hann hafi notað 4 veiðileyfi í ánni dagana 15., 16. og 22. júlí og 3 veiðileyfi hinn 21. júlí, eða samtals 15 stangardaga. Samkvæmt því, sem rakið er hér að framan, ber að taka þennan lið til greina með 13 sterlingspundum pr. stangardag, en aðiljar eru sammála að reikna sterlingspundið á genginu kr. 120.00. Verður því niðurstaðan úr þessum lið 15 stangardagar á kr. 1.560.00 pr. stangardag, eða samtals kr. 23.400.00.

4. Veiðileyfi í Hvannadalsá (og Langadalsá).

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, ber að sýkna aðalstefnda af þessum lið.

5. Veiðileyfi í Vatnsdalsá.

Eins og að framan greinir, ber að taka þennan lið til greina að fullu, þ. e. 5 stangardagar á kr. 3.000.00 pr. stangardag, eða samtals kr. 15.000.00.

6. Aðalstefnandi hefur á sama hátt og við 1. lið reikningsins ekki getað lagt fram nein gögn til stuðnings kröfu sinni um útlagðan kostnað vegna kaupa á rauðvíni fyrir aðalstefnda og féлага hans. Þykja því gegn mótmælum aðalstefnda eigi efni til að taka þennan lið til greina með hærri fjárhæð en kr. 95.00 pr. flösku, eða samtals kr. 2.280.00.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, ber að sýkna aðalstefnda af kröfu aðalstefnanda um 15% þjónustugjald.

Aðalstefnda ber því að greiða aðalstefnanda kr. 844.00 + 195.00 + 23.400.00 + 15.000.00 + 2.380.00, eða samtals kr. 41.719.00. Aðalstefndi hefur greitt aðalstefnanda kr. 62.400.00, og er því eigi um neina skuld af hans hálfu að ræða.

Samkvæmt því verður að sýkna aðalstefnda af fjárkröfum aðalstefnanda í aðalsök og hafna kröfu hans um, að honum verði heimilað að gera fjárnám í fé því, er aðalstefndi setti til tryggingar í fógetarétti Reykjavíkur 5. ágúst 1964 í því skyni að afstýra aðför.

B. Um gagnsök.

Samkvæmt því, sem hér að framan hefur verið rakið um aðalsök, hefur aðalstefndi og gagnstefnandi greitt aðalstefnanda og

gagnstefnda kr. 62.400.00, en skuld hans nam hins vegar aðeins kr. 41.719.00. Verður því gagnstefnda gert að endurgreiða gagnstefnanda kr. 20.681.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 13. júlí 1963 til 1. janúar 1965, en 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Jafnframt verður að meta ógilda kyrrsetningargerð þá, sem hafin var á hendur gagnstefnanda í fógetarétti Reykjavíkur 5. ágúst 1964, og þykja bætur til gagnstefnanda fyrir miska og fjártjón hæfilega ákveðnar kr. 10.000.00, sem greiðast ásamt vöxtum frá 5. ágúst 1964.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að aðalstefnandi og gagnstefndi greiði aðalstefnda og gagnstefnanda málskostnað í aðalsök og gagnsök, sem ákvarðast kr. 10.000.00 í aðalsök og kr. 12.000.00 í gagnsök, eða samtals kr. 22.000.00.

Björn Friðfinnsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Bjarna Björnssyni forstjóra og Víglundi Möller ritstjóra.

Dómsorð:

Í aðalsök skal aðalstefndi, Gústaf A. Sveinsson f. h. V. Gallia, vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, Guðmundar Agnars Ásgeirssonar.

Í gagnsök greiði gagnstefndi, Guðmundur Agnar Ásgeirsson, gagnstefnanda, Gústaf A. Sveinssyni f. h. V. Gallia, kr. 20.681.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 13. júlí 1963 til 1. janúar 1965, en 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt greiði gagnstefndi kr. 10.000.00 til gagnstefnanda með 7% ársvöxtum frá 5. ágúst 1964 til 1. janúar 1965, en 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðalstefnandi og gagnstefndi, Guðmundur Agnar Ásgeirsson, greiði aðalstefnda og gagnstefnanda, Gústaf A. Sveinssyni f. h. V. Gallia, málskostnað í aðalsök og gagnsök, kr. 22.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.